




Mánaðarlegt rekstraruppgjör

A-hluta

Reykjavíkurborgar

janúar – mars 2023

3.1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.625	1.411	214	15,2%
Laun og launat. gj.	12.064	11.398	665	5,8%
Annar rekstark.	7.268	6.528	740	11,3%
Nettó útgjöld	17.706	16.515	1.191	7,2%

Tekjur á tímabilinu voru 214 m.kr. umfram áætlun eða 15,2%, þar af voru tekjur frá öðrum sveitarfélögum 141 m.kr. umfram áætlun og styrkir og framlög 38 m.kr. umfram áætlun. Launakostnaður var 665 m.kr. umfram áætlun eða 5,8% sem kemur m.a. til vegna mikillar aukningar í stuðningi og mikilla veikinda sem kallar á afleysingar. Annar rekstarkostnaður var 740 m.kr. umfram áætlun, sjá nánar sundurliðun hér að neðan.

Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til mars 2023 var um 9,9% fyrir SFS í heild sem er mun hærra en það sem hefur verið undanfarin ár. Árin 2019-2021 voru veikindahlutföll 6,7 og 6,8%, en árið 2022 var hlutfallið 8,7%. Veikindaforföll á tímabilinu janúar til mars voru 11,6% í leikskólum, 9,4% í grunnskólum og 7,3% í frístundastarfi. Þessi forföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu. Mikil skammtímaveikindi hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	843	754	90	6.520	6.270	250	4.234	3.876	358	9.910	9.392	518	5,5%	Halli
Leikskólar	497	450	47	4.073	3.635	439	2.286	1.889	397	5.862	5.073	789	15,6%	Halli
Frístundastarf	243	185	59	1.083	1.113	-30	209	232	-23	1.049	1.160	-111	-9,6%	Afgangur
Skrifstofur SFS	21	8	13	290	282	8	107	89	19	376	363	13	3,7%	Halli
Listaskólar ofl.	20	14	6	97	99	-1	431	442	-11	508	527	-18	-3,5%	Afgangur
Samtals	1.625	1.411	214	12.064	11.398	665	7.268	6.528	740	17.706	16.515	1.191	7,2%	Halli


Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlaga þau að íslensku samfélagi.

Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárþörf leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, en mikið ójafnvægi hefur verið milli rekstarkostnaðar og úthlutunar fjárheimilda til leikskóla á síðustu árum sem hefur komið fram sem mikill halli hjá nær öllum leikskólum.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki hækkunum vegna verðlagsbreytinga. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmstu leiða við rekstur mótuneyta, leita hagkvæmstu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 17.706 m.kr. sem var 1.191 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7,2%.



Lagt hefur verið í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu. Eins og staðan er í dag hefur ekki fjármagn fylgt þessum börnum frá ríkinu nema að litlum hluta.

Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	2.836	2.811	24	0,9%
Rafmagn, hiti og vatn	131	116	15	13,4%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	1.893	1.799	94	5,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	253	198	55	28,0%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	5.113	4.924	189	3,8%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mötuneyti	780	536	244	45,5%
Kennsluefni	84	71	13	18,4%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	216	158	59	37,4%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	262	185	78	42,0%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	159	112	48	42,5%
Húsaleiga	89	76	13	17,4%
Aðkeypt vinna	83	43	40	91,4%
Innri leiga búnaðar	238	223	15	6,5%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	241	200	42	20,8%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	2.155	1.604	551	34,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	7.268	6.528	740	11,3%

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS var um 11,3% umfram fjárheimildir eða 740 m.kr. Öðrum rekstrarkostnaði SFS er skipt upp í tvennt, annars vegar rekstrarkostnað án aðkomu stjórnenda s.s. greiðslum til sjálfstætt starfandi stofnanna, innri leigu og veitukostnaði og hins vegar rekstrarkostnaði með aðkomu stjórnenda og snýr að daglegum rekstri þeirra stofnanna sem þeir stýra. Af þeim síðarnefnda er halli að fjárhæð 551 m.kr. en þar af eru 244 m.kr. tengdar umframkeyrslu í hráfniskostnaði mötuneyta. Verð á matvörum hefur hækkað verulega og óhagræði í rekstri mötuneyta vegna mygluskemmda hafði einnig mikil áhrif. Verulegur viðbótarkostnaður hefur fallið á SFS í tengslum við framkvæmdir vegna myglu þar sem nauðsynlegt hefur verið að skipta rekstrareiningum upp á marga starfsstaði en það hefur leitt til mikillar hækkunar á rekstrarútgjöldum.

Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var um 48 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna þess að grípa hefur þurft til nauðsynlegs viðhalds hjá starfsstöðvum SFS til að halda húsnæði og búnaði í nothæfu ástandi. Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla var um 78 m.kr. umfram fjárheimildir.

Aðkeypt vinna var 40 m.kr. umfram fjárheimildir þar fellur undir s.s. sérfræðiþjónusta, læknisþjónusta og önnur aðkeypt vinna. Greiðslur til einkarekinna skóla og tónlistarskóla voru 94 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna fjölgunar nemenda en uppgjör milli sveitarfélaga 55 m.kr. umfram áætlun.

Grunnskólahluti



Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 9.910 m.kr. sem var 518 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,5%.

Grunnsk.hluti (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	843	754	90	11,9%
Laun og launat. gj.	6.520	6.270	250	4,0%
Annar rekstark.	4.234	3.876	358	9,2%
Nettó útgjöld	9.910	9.392	518	5,5%

Tekjur grunnskólahluta voru 843 m.kr. sem var 90 m.kr. yfir áætlun eða 11,9%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 7 m.kr. undir áætlun, styrkir 14 m.kr. yfir áætlun og greiðslur vegna hælisleitenda 25 m.kr. aðrar sértekjur 6 m.kr. og uppgjör við önnur sveitarfélög 64 m.kr.

Launakostnaður grunnskólahluta var 6.520 m.kr. sem var 250 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,0%. Þar af var halli vegna langtímaveikinda 88 m.kr. Kostnaðaraukning vegna aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í Klettaskóla nam 85 m.kr.

Óskiptur annar rekstrarkostnaður var í heildina 4.234 m.kr. en hann skiptist eins og áður hefur verið getið í annan rekstrarkostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og hins vegar daglegan rekstrarkostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á.



Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar samreknir	83	84	-1	951	920	31	536	485	51	1.404	1.320	83	6,3%
Grunnskólar	399	369	31	4.939	4.773	166	2.497	2.357	140	7.037	6.762	275	4,1%
Sérskólar	250	254	-4	501	436	65	181	161	20	432	343	89	26,0%
Samtals borgarreknir:	733	707	26	6.391	6.129	262	3.214	3.002	211	8.872	8.425	447	5,3%
Miðlægt og endurúthlutun	111	47	64	120	141	-21	433	340	93	442	434	7	1,7%
Óreglulegir liðir grunnskóla				9		9	63		63	72		72	100,0%
Einkaskólar							524	534	-9	524	534	-9	-1,8%
Samtals borgar. og einkar	843	754	90	6.520	6.270	250	4.234	3.876	358	9.910	9.392	518	5,5%

Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	2.170	2.152	18	0,8%
Rafmagn, hiti og vatn	103	88	14	16,3%
Einkareknir skólar	524	534	-9	-1,8%
Skólaakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	166	87	80	91,5%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	2.964	2.861	103	3,6%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	399	313	86	27,6%
Kennsluefni	54	44	10	22,3%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	209	156	53	34,0%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	113	69	45	64,6%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	89	86	3	3,4%
Húsaleiga	82	64	18	27,3%
Aðkeypt vinna	50	24	26	105,4%
Innri leiga búnaðar	176	175	1	0,7%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	98	84	14	16,6%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	1.270	1.015	255	25,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	4.234	3.876	358	9,2%

Annar var um 358 m.kr.

rekstrarkostnaður umfram

fjárheimildir eða 9,2%. Af þessum 358 m.kr. eru 86 m.kr. vegna aukins kostnaðar við mótuneytisrekstur og 18 m.kr. vegna hækkunar á leigu á húsnæði í eigu þriðja aðila. Aðrir rekstrarliðir eru að hækka minna en þó þannig að þeir hafa samanlagt veruleg áhrif. Kostnaður eins og skólaakstur, sem óhjákvæmilega fylgir stórum mygluverkefnum, hefur farið vaxandi og var því 53 m.kr. umfram fjárheimildir.

Viðhald og endurnýjun var 3 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt ræsting var 45 m.kr. umfram fjárheimildir, Aðkeypt vinna, sálfræðipjónusta og túlkapjónusta var 26 m.kr. umfram fjárheimildir. Hráefni til mótuneyta og aðkeyptur matur var 86 m.kr. umfram fjárheimildir.

Óreglulegir liðir grunnskóla voru 72 m.kr. umfram þær fjárheimildir sem fengust á árinu til að mæta þeim kostnaði sem felst í röskunar á skólastarfi og auknum kostnaði sem ekki fellur undir almennan rekstur skóla.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og samreknnum skólum var 8.872 m.kr. Fjárheimildir námu 8.425 m.kr. fyrir grunnskóla og var kostnaður því 447 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,3%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 7 m.kr. halla á tímabilinu. Helstu liðir sem mynda halla: akstur fatlaðra og skólaakstur 55,5 m.kr. og uppgjör til sveitarfélaga 41 m.kr. Þeir liðir sem eru undir áætlun eða eftir er að úthluta eru greiðslur vegna stuðnings til sjálfstætt starfandi grunnskóla 27 m.kr. sameiginleg þjónusta grunnskóla 12 m.kr. og endurúthlutun til borgarrekinna grunnskóla 30 m.kr. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 9 m.kr. innan fjárheimilda.

Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 447 m.kr. Af 38 grunnskólum voru 6 með afgang en aðrir voru með hallarekstur.

Stuðningur við börn

Þörf fyrir stuðning við börn hefur aukist mikið á síðustu misserum í tengslum við fjölgun erlendra barna í skólakerfinu. Börn í skólum sem fást við ýmis erfið vandamál s.s. einhverfu, hegðunarmál og tungumálaerfiðleika. Sérúráði er að verða stærri liður í rekstri skóla en áður þar sem fjölbreytileiki í hópi nemenda eykst stöðugt með hærri hlutfalli nemenda af erlendum uppruna.

Nokkrir grunnskólar eru að kljást við rekstrarvanda í tengslum við hraðan vöxt eða fækkun í fjölda nemenda. Dæmi um skóla sem hafa vaxið mjög hratt og sprengt utan af sér þann ramma sem þeim var skipaður eru t.d. Dalskóli og Hlíðaskóli. Þar hafa stjórnendur þurft að bregðast við ófyrirsjáanlegri fjölgun nemenda sem skapar aukið álag og vandamál í tengslum við mönnun kennslu og kennsluáðstöðu. Að sama skapi eru Ingunnarskóli og Ártúnsskóli í vanda vegna fækkunar nemenda sem hefur gert það að verkum að bekkjastærðir og fjöldi bekkja eru skólunum óhagsstæðir og því verður rekstrarkostnaður hærri en líkanið gerir ráð fyrir. Hvort tveggja eru óhagsstæð rekstrarskilyrði sem leiða til hækkunar kostnaðar og umframkeyrslu og því er nauðsynlegt að þekkja bakgrunn rekstrareininganna þegar lagt er mat á rekstrarframmistöðu.

Klettaskóli er með rekstrarfrávik sem nemur 85 m.kr. á árinu. Helstu áhrifaþættir eru fjölgun nemenda og aukin þjónustuþyngd þeirra nemenda sem sækja skólann ásamt fjölgun erlendra barna. Nauðsynlegt er að rýna rekstur skólans vel og skapa honum þann ramma sem hann þarf til að geta sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Í dag eru um 45% nemenda frá nágrennasveitarfélögum og því eru þau með ákveðna hlutdeild í rekstrarfrávikum ársins. Hlutur Reykjavíkurborgar er því í kringum 47 m.kr. af rekstrarfrávikinu.

Fjölgun barna af erlendum uppruna hafa valdið viðbótar álagi og kostnaðarauka þar sem SFS hefur það að markmiði að veita þessum börnum allan þann stuðning sem þau þurfa til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Flest þessara barna þurfa aukinn stuðning, bæði hvað varðar tungumál og félagslega þætti. Reykjavíkurborg hefur boðið velkomin börn með sérþarfir og hefur þeim fjölgað í grunnskólum borgarinnar. Þetta allt hefur leitt af sér kostnaðarauka sem SFS hefur brugðist við með því að hagræða og beina því fjármagni sem er til staðar í þann farveg að það nýtist sem best öllum nemendum og starfsmönnum grunnskóla. Það skal tekið fram að Eddu líkanið var ekki hannað þannig að það næði utan um öll möguleg tilvik og er þessi mikla fjölgun barna með erlendan uppruna því ekki hluti af grunnlíkani Eddunnar. Reykjavíkurborg hefur mætt þessari aukningu að hluta til með aukningu fjárheimilda.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)

Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Klettaskóli	248	253	5	379	314	64	149	133	15	279	195	85	43,5%
Ártúnsskóli	12	12	0	116	108	9	52	40	13	156	135	22	16,0%
Ingunnarskóli	11	11	0	150	139	10	80	65	16	220	193	27	13,8%
Vesturbæjarskóli	10	10	0	127	111	16	84	79	4	201	181	20	11,1%
Hvassaleitisskóli	7	6	-2	109	104	6	59	47	11	160	145	16	10,8%
Selásskóli	6	6	0	87	78	9	61	57	4	142	129	13	10,2%
Melaskóli	18	18	0	195	179	15	81	73	8	257	234	23	9,8%
Fossvogsskóli	10	10	0	126	117	8	75	68	7	191	175	16	9,0%
Engjaskóli	8	8	0	97	92	6	66	59	7	155	142	13	9,0%
Foldaskóli	13	13	0	202	185	17	92	88	3	281	260	21	7,9%
Borgaskóli	7	7	0	107	100	8	62	58	4	162	150	11	7,6%
Fellaskóli	9	8	-2	198	186	12	85	77	8	273	255	18	6,9%
Dalskóli	27	27	0	309	298	11	200	180	20	482	451	31	6,8%
Laugarnesskóli	18	18	0	192	181	11	94	88	5	268	251	17	6,6%
Norðlingaskóli	26	28	2	223	216	7	144	133	11	341	321	20	6,3%
Hlíðaskóli	18	15	-3	242	238	3	113	95	18	337	318	19	5,9%
Háteigsskóli	15	15	0	173	165	9	68	65	4	227	215	12	5,7%
Laugalækjarskóli	10	10	0	154	150	4	71	65	7	216	204	11	5,5%
Húsaskóli	4	5	1	67	64	3	54	52	2	117	111	5	4,7%
Árbæjarskóli	18	20	2	242	236	6	110	104	6	334	320	13	4,1%
Ölduselsskóli	15	16	0	189	184	5	105	100	4	278	269	9	3,5%
Álftamýrarskóli	11	11	-1	155	154	2	76	70	6	220	213	7	3,4%
Rimaskóli	14	13	-1	189	181	8	94	93	1	270	261	9	3,3%
Brúarskóli	2	1	-1	122	122	1	32	27	5	152	148	4	2,9%
Vogaskóli	16	10	-6	178	167	11	84	82	2	246	239	6	2,7%
Seljaskóli	31	19	-12	235	218	17	87	84	3	291	283	8	2,7%
Hólabrekkuskóli	12	12	-1	176	176	0	93	86	7	256	250	6	2,5%
Víkurskóli	8	7	-1	85	88	-3	61	55	6	138	136	2	1,5%
Breiðholtsskóli	12	9	-3	177	168	8	85	87	-2	250	246	4	1,5%
Sæmundarskóli	14	13	0	163	160	3	102	101	1	251	247	4	1,5%
Breiðagerðisskóli	15	12	-3	128	129	-1	81	75	6	195	192	3	1,3%
Hagaskóli	13	14	2	193	190	3	74	77	-3	254	252	2	0,7%
Austurbæjarskóli	13	12	-1	168	166	2	83	85	-2	238	239	-1	-0,3%
Langholtsskóli	20	20	1	254	256	-3	117	118	-1	351	354	-3	-0,7%
Grandaskóli	13	12	-1	129	133	-4	58	56	2	174	177	-3	-1,7%
Hamraskóli	7	6	-1	99	104	-5	57	56	1	149	154	-5	-3,1%
Réttarholtsskóli	11	11	0	151	161	-10	72	70	1	212	221	-9	-3,9%
Klébergsskóli	9	8	-1	105	112	-7	55	54	0	151	158	-7	-4,3%
Samtals	733	707	-26	6.391	6.129	262	3.214	3.002	211	8.872	8.425	447	5,3%


Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2023 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Leikskólahluti


Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 5.862 m.kr. sem var 789 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15,6%.

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	497	450	47	10,4%
Laun og launat. gj.	4.073	3.635	439	12,1%
Annar rekstark.	2.286	1.889	397	21,0%
Nettó útgjöld	5.862	5.073	789	15,6%

Tekjur leikskólahluta voru 497 m.kr. sem voru 47 m.kr. umfram áætlun eða 10,4%. Tekjur vegna hælisleitenda námu 9 m.kr. og styrkir 7,4 m.kr. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum námu 34 m.kr.



Launakostnaður leikskólahluta var 4.073 m.kr. sem var 439 m.kr. umfram fjárheimildir eða 12,1%. Mikil veikindi voru á tímabilinu eða um 11,5% hjá leikskólum sem er langt umfram eðlilegt árferði. Þessi auknu veikindi hafa kallað á auknar afleysingar sem aftur leiða til hækkunar á launakostnaði. Á árinu hefur kostnaður við stuðning barna verið umfram fjárheimildir en þessi umfram kostnaður skýrist m.a. af fjölgun barna af erlendum uppruna sem þurft hafa aukinn stuðning þegar þau stíga fyrstu skrefin inn í íslenskt skólakerfi. Þess skal getið að ekki náðist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem aftur leiddi til lægri nýtingar á rekstrarleyfum leikskólanna og fækkun vistunarplássa.



Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	429	418	11	3.970	3.479	491	1.136	871	265	4.678	3.932	745	19,0%	Halli
Óreglulegir liðir leikskóla							32		32	32		32	100,0%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	69	33	36	103	156	-52	68	20	47	102	143	-41	-28,4%	Afgangur
Samtals borgarreknir	497	450	47	4.073	3.635	439	1.204	891	313	4.780	4.075	705	17,3%	Halli
Einkaskólar							998	888	110	998	888	110	12,3%	Halli
Dagforeldrar							84	109	-25	84	109	-25	-22,8%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.							1.082	998	85	1.082	998	85	8,5%	Halli
Samtals	497	450	47	4.073	3.635	439	2.286	1.889	397	5.862	5.073	789	15,6%	Halli

Óskiptur annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 2.286 m.kr. sem var 397 m.kr. umfram fjárheimildir eða 21%. Eins og í öðrum rekstrareiningum SFS þá skiptist annar rekstrarkostnaður í tvennt eftir því hvort stjórnendur hafa aðkomu að því að stofna til útgjaldanna.

Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	537	533	5	0,9%
Rafmagn, hiti og vatn	25	23	2	9,0%
Einkareknir skólar	998	888	110	12,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	86	109	-22	-20,4%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	1.646	1.552	94	0,0%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mötuneyti	343	183	160	87,1%
Kennsluefni	17	7	10	153,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	1	1	-1	-47,4%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	132	94	38	40,4%
Viðhald og endurnýjun áhaldna og eigna	44	7	37	544,2%
Húsaleiga	4		4	
Aðkeypt vinna	10	2	8	398,4%
Innri leiga búnaðar	35	27	8	0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	54	15	38	251,2%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	640	337	303	89,9%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.286	1.889	397	21,0%

Sá hluti annars rekstrarkostnaðar sem stjórnendur hafa aðkomu að var samtals 640 m.kr. og var 303 m.kr. yfir áætlun. Þar vegur þyngst rekstur mötuneyta sem var 160 m.kr. yfir áætlun á árinu. Einnig er aukinn kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar á áhöldum upp á 37 m.kr. en nauðsynlegt hefur verið að leggja í endurnýjun búnaðar þar sem upp hafa komið mygluvandamál. Aðrir liðir s.s. ræsting, sorphirða og öryggisgæsla fóru 38 m.kr. yfir áætlun.

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir: Hjá borgarreknur leikskólum var hallinn 745 m.kr. eða 19%. Útgjöld námu 4.678 m.kr. en fjárheimildir voru 3.932 m.kr. Hjá tveimur leikskólum sem opnuðu síðla árs 2022 er enn að falla til kostnaður vegna kaupa á búnaði og launakostnaður vegna ráðninga á starfsfólki sem er að stofnsetja deildir. Leikskólinn Bakki sem er hluti af leikskólanum Nesi hefur hætt rekstri, í húsnæði Bakka mun taka til starfa sjálfstætt starfandi leikskóli.

Vinna við gerð nýs rekstrarlíkans hjá borgarreknur er langt komin. Reiknar SFS með því að hægt verði að úthluta fjárheimildum til borgarrekinna leikskóla í takt við niðurstöður líkans við fjárhagsáætlun 2024. Vonir eru bundnar við að nýtt líkan nái að endurspegla og fanga allan þann rekstrarkostnað sem til fellur við rekstur leikskólanna.

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)

Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Eggetsgata	5	5	0	55	37	18	25	16	8	75	49	27	55,3%
Vogabyggð	5	5	0	47	32	15	26	19	6	68	47	21	45,4%
Árborg	4	4	0	38	30	8	10	5	6	44	31	14	44,2%
Nauthólsvegur	6	6	0	66	48	18	30	22	8	91	65	26	39,7%
Klambrar	5	5	0	54	39	15	13	11	3	62	44	17	38,5%
Ösp	4	4	0	50	37	13	9	7	2	55	40	15	38,4%
Hagaborg	7	7	0	71	53	18	16	13	3	80	59	22	36,9%
Hlíð	6	6	0	79	62	17	26	18	8	99	74	25	34,1%
Klettaborg	5	5	0	56	43	13	13	10	3	64	48	16	33,2%
Sunnuás	10	8	2	90	66	23	29	24	5	109	82	27	32,6%
Jöklaborg	9	9	0	81	63	18	17	14	4	90	68	22	32,2%
Álftaborg	7	7	0	66	52	14	20	15	5	79	60	19	31,5%
Drafnarsteinn	8	8	0	77	64	13	19	12	7	88	68	20	29,5%
Seljaborg	4	4	0	33	28	5	12	7	4	41	31	9	29,4%
Brákarborg	7	7	0	71	56	15	49	39	10	112	88	24	28,0%
Bríetartún	5	5	0	47	38	9	17	13	3	58	46	12	27,2%
Furuskógur	8	8	0	69	61	8	26	17	9	87	70	17	24,4%
Sæborg	5	5	0	45	38	7	13	10	3	53	43	10	23,4%
Laugasól	10	10	0	96	86	10	32	21	10	118	97	21	21,2%
Ægisborg	6	6	0	55	49	6	14	9	5	63	52	11	21,1%
Græna borg	6	6	0	53	46	8	14	11	3	62	51	11	20,9%
Fífuborg	6	6	0	49	42	7	14	11	3	58	48	10	20,8%
Seljakot	7	6	0	54	47	7	20	16	5	67	56	12	20,6%
Kvistaborg	4	4	0	47	40	7	14	12	3	57	48	10	20,1%
Hálsaskógur	9	9	0	92	76	16	16	16	0	98	82	16	19,9%
Grandaborg	5	4	0	53	48	5	20	14	7	69	58	11	19,6%
Suðurborg	8	8	0	80	68	12	21	18	3	94	78	15	19,6%
Vesturborg	3	3	0	31	26	5	11	10	1	39	32	6	19,5%
Holt	8	7	0	62	55	7	18	13	5	72	61	12	19,5%
Hraunborg	5	5	0	48	42	6	12	9	2	55	46	9	19,1%
Nóaborg	6	6	0	55	48	7	14	11	3	64	54	10	18,8%
Sólborg	5	5	0	80	72	8	19	12	7	94	79	14	18,3%
Sunnufold	8	8	0	67	63	4	21	13	8	80	68	12	17,8%
Bjartahlíð	9	9	0	87	79	8	23	16	7	101	86	15	17,2%
Hólaborg	4	4	0	41	36	5	9	7	2	46	39	7	17,0%
Hulduheimar	6	6	0	53	46	6	15	12	3	62	53	9	16,9%
Múlaborg	11	11	0	97	87	10	30	24	6	116	100	16	16,3%
Austurborg	8	8	0	69	65	4	19	12	7	80	70	11	15,7%
Garðaborg	4	3	0	34	28	6	9	9	0	39	34	5	15,5%
Jörfi	7	7	0	59	53	6	17	14	3	69	60	9	15,3%
Steinahlíð	5	4	1	35	30	5	15	14	2	45	39	6	15,3%
Funaborg	5	5	0	44	38	6	8	7	1	47	41	6	15,2%
Vinagerði	5	5	0	38	34	4	15	13	3	48	42	6	14,9%
Brekkuborg	7	6	2	49	43	6	11	8	2	52	45	7	14,8%
Borg	9	9	0	76	69	7	20	16	4	86	76	11	14,2%
Mariuborg	7	7	0	61	53	7	12	11	1	65	57	8	14,0%
Engjaborg	6	6	0	48	42	6	11	11	1	54	47	7	13,9%
Rauðaborg	4	4	0	41	39	3	9	6	3	46	40	6	13,8%
Laufskálar	6	6	0	59	53	6	11	9	2	64	56	8	13,8%
Rofaborg	8	8	0	65	58	7	17	15	2	74	65	9	13,3%
Stakkaborg	5	5	0	52	52	1	17	10	7	63	56	7	12,5%
Miðborg	8	8	0	86	78	8	18	16	2	96	86	10	12,0%
Blásalir	6	6	0	48	46	2	13	9	4	55	49	6	11,9%
Gullborg	8	8	0	60	58	2	14	10	4	67	60	7	11,2%
Geislabaugur	8	8	0	79	73	6	17	15	3	88	80	8	10,6%
Tjörn	6	6	0	59	54	5	11	11	0	64	59	5	9,2%
Bakkaborg	8	8	0	77	77	0	22	14	7	91	83	8	9,1%
Reynisholt	6	6	0	58	56	2	13	10	3	65	61	5	7,7%
Hof	9	9	0	82	79	3	16	13	3	90	84	6	7,4%
Rauðhóll	16	15	1	137	134	3	38	30	8	160	149	11	7,3%
Heiðarborg	7	6	1	49	48	1	14	10	4	55	52	4	7,1%
Langholt	15	13	2	107	101	6	29	25	4	121	113	8	6,9%
Lyngheimar	6	6	0	54	54	0	14	11	3	62	59	3	5,5%
Ævt. við Barónsstíg	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0%
Nes (Hamrar)	7	7	0	48	63	-14	20	16	4	62	72	-10	-13,8%
Samtals	429	418	11	3.970	3.479	491	1.136	871	265	4.678	3.932	745	19,0%

Frístundahluti


Nettó útgjöld í frístundastarfi SFS voru 1.049 m.kr. sem var 111 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,6%

Frístundastarf(mk.r.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	243	185	59	31,7%
Laun og launat. gj.	1.083	1.113	-30	-2,7%
Annar rekstark.	209	232	-23	-9,8%
Nettó útgjöld	1.049	1.160	-111	-9,6%

Tekjur voru 243 m.kr. sem var um 59 m.kr. yfir áætlun eða 31,7%. Skýring á auknum tekjum eru auknar sértekjur og styrkir 15,5 m.kr. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum voru 43 m.kr. umfram áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.083 m.kr. sem var 30 m.kr. innan fjárheimilda eða 2,7%. Erfitt hefur reynt að fullmanna starfsstöðvar í frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi og er það meginástæða þess að fjárheimildir voru ekki að fullu nýttar.

Annar rekstrarkostnaður var 209 m.kr. sem var um 23 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,8%. Viðhald og endurnýjun var 11 m.kr. umfram fjárheimildir, húsaleiga 5 m.kr. innan og akstur 7 m.kr. umfram, aðkeypt vinna 9 m.kr. umfram en aðrir liðir voru innan fjárheimilda. Það sama gildir um annan rekstrarkostnað og laun að undirmönnun hefur dregið úr fullri starfssemi og því eru fjárheimildir ekki að fullu nýttar.



Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Sértækar félagsmiðstöðvar	3	4	-1	57	108	-51	10	14	-4	64	118	-54	-45,6%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	237	179	59	1.025	1.005	21	195	180	15	983	1.007	-23	-2,3%	Afgangur
Miðlægt og endurúthlutun	3	2	1	1		1	4	37	-34	2	36	-34	-95,3%	Afgangur
Samtals	243	185	59	1.083	1.113	-30	209	232	-23	1.049	1.160	-111	-9,6%	Afgangur

Annar rekstrarkostnaður frístundastarfs	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	73	72	1	0,9%
Rafmagn, hiti og vatn	4	5	-1	-17,7%
Einkareknir skólar	1	7	-6	-84,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga		2	-2	-100,0%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	78	86	-8	-9,8%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	36	38	-2	-6,3%
Kennsluefni	9	19	-11	-55,7%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	7		7	1340,1%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	16	21	-5	-23,4%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	19	8	11	126,7%
Húsaleiga	3	8	-5	-65,6%
Aðkeypt vinna	11	2	9	423,2%
Innri leiga búnaðar	8	8		0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	23	40	-17	-41,6%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	132	146	-14	-9,7%
Samtals annar rekstrarkostnaður	209	232	-23	-9,8%

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir


Skrifstofur SFS (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	21	8	13	158,0%
Laun og launat. gj.	290	282	8	2,7%
Annar rekstark.	107	89	19	21,0%
Nettó útgjöld	376	363	13	3,7%

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir: Útgjöld námu 376 m.kr. sem var um 13 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,7% og skiptist þannig:

Skrifstofur SFS: Útgjöld voru 337 m.kr. sem var 20 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,2%. Tekjur sem koma fram eru vegna styrkja, námsleyfa og námskeiðahalds.

Miðlægir liðir/styrkir SFS: Útgjöld voru 30 m.kr. sem var 19,4% innan fjárheimilda. Helstu liðir eru sundstyrkir til starfsmanna, atvinnuauðgýsingar, trúnaðarlæknir og almennir styrkir.

Skóla- og frístundaráð: Útgjöld voru 0,7 m.kr. umfram fjárheimildir.



Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skrifstofur SFS	19	8	11	282	276	6	75	50	25	337	318	20	6,2%	Halli
Miðlægir liðir og styrkir	2		2				32	37	-5	30	37	-7	-19,4%	Afgangur
Skóla og frístundaráð				8	7	1		1	-1	9	8	0,7	9,4%	Halli
Samtals	21	8	13	290	282	8	107	89	19	376	363	13	3,7%	Halli

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	20	14	6	46,1%
Laun og launat. gj.	97	99	-1	-1,1%
Annar rekstark.	431	442	-11	-2,4%
Nettó útgjöld	508	527	-18	-3,5%


Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 508 m.kr. eða um 18 m.kr. innan fjárheimilda eða 2,6% á tímabilinu sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 370 m.kr. Útgjöld fyrir kennslustundir sem **Reykjavíkurborg kaupir voru 288 m.kr.** hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik.

Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum **Jöfnunarsjóð voru útgjöld 82 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 93 m.kr. sem var 2 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 45 m.kr. sem var 4 m.kr. innan fjárheimilda. Námsflokkar Reykjavíkur voru 4 m.kr. innan fjárheimilda og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru skv. áætlun.



Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skólahljóms. og Tónl. Kj.				87	88	-1	6	4	2	93	91	2	1,9%	Halli
Tónlistarskólar							370	370		370	370	0,0%	Afgangur	
Námsflokkar, Myndl.	20	14	6	10	11	-1	55	53	3	45	50	-4	-8,8%	Afgangur
Endurúthlutun ofl								16	-16		16	-16	-100%	Afgangur
Samtals	20	14	6	97	99	-1	431	442	-11	508	527	-18	-3,5%	Afgangur

Afleysing vegna langtímaforfalla

Afleysingar vegna langtímaforfalla námu alls um 368 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðvum. Fjárheimildir leikskóla og frístundastarfs eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við afleysingar starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Hjá grunnskólum er helmingur fjárheimilda í miðlægum potti til að mæta langtímaveikindum vegna kennslu. Gjaldfærður kostnaður var í grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðvum samtals 170 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu sem þýðir að starfsstaðir báru þann umframkostnað í launalið þar sem hann er greiddur en ekki bættur rekstrareiningum úr miðlægum lið.

Afleysingar langtímaforfalla(m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	190	103	88
Leikskóli	164	89	75
Frístundastarf	14	7	7
Samtals	368	199	170

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 1.191 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7,2%.
- Laun og launatengd gjöld voru 665 m.kr. umfram fjárheimildir og var leikskólahlutinn þar umfangsmestur með 439 m.kr. frávik. Kostnaður umfram fjárheimildir má að mestu rekja til fjarvista vegna veikinda sem kallaði á auka mönnun og fjölgun barna af erlendum uppruna. Grunnskólahlutinn var einnig með mikil frávik eða 250 m.kr. Þar má rekja frávik til langtímaveikinda sem voru 88 m.kr. umfram fjárheimildir og aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í Klettaskóla eða um 85 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Hráfniskostnaður mötuneyta og aðkeyptur matur var 244 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Á tímabilinu nam halli borgarrekinna grunnskóla um 447 m.kr. Í heildina voru 6 með afgang en aðrir með halla.
- Leikskólahluti var 789 m.kr. yfir fjárheimildum eða 15,6%. Allir borgarreknir leikskólar nema 2 voru með halla.
- Í ársbyrjun 2022 hefur sviðið með þátttöku FAS unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla. Stefnit er að vinnu við líkanið ljúki á þessu ári.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Í borgarreknnum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 430 m.kr. eða 5,3% umfram fjárheimildir, þar af námu óreglulegir liðir 72 m.kr. Sviðið glímir við mikil viðbótarútgjöld vegna barna af erlendum uppruna sem hefur ekki verið fjármagnaður af hálfu ríkisins. Mikilvægt er að ríkið fjármagni aðstoð við þessi börn. Þá er áriðandi að sviðið framfylgi leikreglum um viðbrögð við rekstrarfrávikum í borgarreknnum grunnskólum.
- Í borgarreknnum leikskólum er raunkostnaður 705 m.kr. eða 17,3% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Útgjöld vegna leikskóla á föstu verðlagi hafa frá árinu 2019 aukist um 12% miðað við fyrstu 3 mánuði ársins á meðan barnafjöldi hefur aðeins aukist um 2,8%. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða innleiðingu á nýju leikskólalíkani.
- Ekki hefur tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem leiðir til þess að rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að við áætlun um uppbyggingu nýrra leikskólaráma taki mið af raunhæfu mati á mönnun leikskóla.

Minnisblað


Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skóla- og frístundasvið

Helstu frávík í rekstri SFS janúar til apríl 2023

Klettaskóli og sértækur stuðningur í leik- og grunnskólum.

Viðvarandi rekstrarhali í Klettaskóla er vegna aukinnar þjónustuþyngdar nemenda og að þau úrræði sem eru boði eru fyrir fatlaða nemendur eru gríðarlega fjárfrekar. Einnig hefur framboð úrræða fyrir fatlaða nemendur ekki fylgt fjölgun nemenda og því hefur þurft að leita annarra úrræða sem eru dýrari á hvern nemanda heldur en sértækt úrræði eins og Klettaskóli.



Heimild: Skýrsla/úttekt KPMG á Klettaskóla. **Áætlaður fjöldi fyrir skólaárið 2023-2024 er 135 börn.**

Eins og sést hér á grafinu að ofan þá hefur ekki verið um neina fjölgun á nemendum í Klettaskóla að ræða á skólaárunum 2017-2018 til 2022-2023. Græna línan í grafinu sýnir fjölgun barna af erlendum uppruna hjá skólanum án þess að heildarfjöldi nemenda hafi aukist. Ef lítið er til reykvískra barna eingöngu þá virðist sem orðið hafi lítilsháttar fækkun í heild en horfa verður til þess að um það bil helmingur barna af erlendum uppruna telur í

reykvískum barnafjölda og því er fækkun meðal reykvískra barna af innlendum uppruna. Það þýðir það eitt að verulegur fjöldi fatlaðra nemenda, sem þyrftu að sækja nám í Klettaskóla, er að ræða og sækja því nám í almennum grunnskólum og eykur þörf á sértækum úrræðum í almennum bekkjum grunnskóla sem getur orðið dýrara en sérúræði eins og Klettaskóli

Þau verkefni sem SFS stendur frammi fyrir eru rekstarhalli Klettaskóla og leit að nýjum úrræðum. Núverandi heildarhalli er í kringum 119 milljónir króna og miðað við núverandi stöðu í húsnæðismálum þá er ekki fyrir séð að breyting verði á þeirri þróun. Áætlaður heildarhalli fyrir árið 2023 er 300 milljónir króna (skólinn opinn í tæpa 11 mánuði) og verður ekki leystur nema með því að bæta við úrræðum sem myndu leiða til lækkunar á kostnaði á hvern nemanda. Horfast verður í augu við mikla aukningu fatlaðra nemenda og því mun heildarkostnaður aukast

Veittir stuðningur í leikskólum (189 milljónir umfram fjárheimildir) og grunnskólum (170 milljónir umfram fjárheimildir) hefur aukist á undanförunum árum. Betri greiningar (aukinn fjöldi) hafa gert það að verkum að nú er verið að grípa fyrr inn í þroskaferil barna og veita þeim stuðning sem á eftir að gera þeim kleift að fylgja betur jafnöldrum hvað varðar þroska og félagslega færni. Vissulega er hluti þessarar aukningar tengdur fjölgun barna af erlendum uppruna en þau líkön sem SFS notar við útreikning á fjárförf gerðu ekki ráð fyrir og gripu ekki þær samfélagslegu breytingar sem orðið hafa á umhverfi leik- og grunnskóla borgarinnar. Stuðningsþörf barna með litla, rofna eða enga skólagöngu var ófyrirséð en hefur raungerst og því er SFS í erfiðri stöðu er þetta varðar. Annaðhvort er þarf að leita viðbótarfjármagns til að loka gatinu eða draga úr og/eða fresta öðrum verkefnum sem hægt er. Stór hluti þessa stuðnings er vegna þess sem nefnt er hér að ofan og tengist fjölda barna sem fær inni sérúræðum eins og Klettaskóla. Miðað við nemendapróun í skólanum og fjölgun barna með sérþarfir þá er augljóst að það er mikill fjöldi nemenda í almenn grunnskólum. Í samtölum sem SFS hefur átt við skólastjórnendur kemur fram að álagið á kennara er gríðarlegt, bæði vegna barna af erlendum uppruna og barna sem þarfnast mikilla sérúræða, sem leiðir til aukinnar hættu á kulnun og langtíma veikinda hjá starfsmönnum og auknum kostnaði hjá borginni. Að lokum má nefna að biðlisti er eftir lausum plássum í einhverfudeildir á vegum borgarinnar en það gerir það að verkum að stuðningur við þau börn fer einnig fram í almenna bekkjum grunnskóla.

Lausnin felst í að fjölga úrræðum, bæði innan almenna skólakerfisins og hins sértæka. Þannig mætti lækka kostnað með aukinni nýtingu (samnýtingu) starfsmanna og búnaðar.

Veikindi umfram fjárheimildir / líkön

Afleysingakostnaður vegna veikindaforfalla hjá SFS hefur vaxið undanfarin ár og skiptist annarsvegar í hefðbundin skammtíma og langtímaveikindi starfsfólks og hins vegar í veikindi tengd álagi í starfi (kulnun). Mikil aukning hefur orðið í flokki þess síðarnefnda í tengslum við aukið starfsálag vegna nemenda sem þurfa stuðning við nám sökum þroskafrávika eða vegna erlends uppruna. Stjórnendur hafa í mörgum tilfellum brugðist við með því að ráða stuðningsfulltrúa inn í bekkina til þess að létta á kennurum en betur má ef duga skal. Fagskrifstofur leik- og grunnskóla ásamt mannauðsþjónustu leita leiða til að draga úr þessum áhrifum með betri leiðbeiningum til kennara og starfsfólks um hvernig sé best að haga kennslu og útbúa verkfærakistu með tækjum og tólum sem þeir geti nýtt sér í daglegu starfi. Þess má geta að svo virðist sem veikindaforföll hafa almennt aukist í þjóðfélaginu - þannig að hér er ekki um sértækt "borgarvandamál/SFS" vandamál að ræða.

Túlkapjónusta

Túlkapjónusta hefur vaxið gríðarlega undanfarin tvö ár. Aukinn straumur flóttamanna til landsins hefur gert það að verkum að þörfin hefur aukist og samkvæmt námsskrá skal framkvæma stöðumat á hverjum og einum nemanda sem kemur inn í skólakerfi borgarinnar. Á árinu 2022 voru einungis fjármagnaðar 23 milljónir af 67 milljón króna heildarkostnaði. Á árinu 2023 lítur út fyrir að kostnaður vegna túlkapjónustu endi í 90-100 milljónum en fjárheimildir eru einungis til fyrir 23 milljónum. Til að ná böndum á þennan kostnaðarlið er nauðsynlegt að yfirstjórn borgarinnar gefi út leiðbeinandi tilmæli um hversu oft og hversu lengi hver einstaklingur á rétt á túlkapjónustu. Í dag er þessi ákvörðun á hendi skólastjórnenda en í samtali við þá hefur komið fram ákall um að æðstu stjórnendur móti ramma/þjónustustig fyrir túlkapjónustu.

Fæðis- og hráefniskostnaður í leik- og grunnskóla.

Fæðiskostnaður í heild sinni hefur hækkað mikið og er að þrennu að hyggja. Í fyrsta lagi er um að ræða verðhækkanir á hráefni sem erfitt er að ráða við nema með því að draga úr gæðum og/eða ná fram enn hagkvæmari samningum í innkaupum. Í öðru lagi er um að ræða aukin langtímaveikindi matræða sem leiða til þess að skólar verða að færa sig tímabundið yfir í aðkeyptan mat en hafa á sama tíma kostnað af launum matræðs í veikindum (ath. að veikindi matræðs eru ekki bætt starfsstöðum).

Í þriðja lagi er um að ræða óhagræði sem hlýst af fjölgun starfsstöðva sökum mygluverkefna en í nokkrum skólum hefur þurft að útvega matarþjónustu á tveimur eða þremur stöðum í stað eins. Kostnaður SFS vegna mygluverkefna er varlega áætlaður ríflega 100mkr. á tímabilinu jan-apríl 2023. (hráefni + aðkeyptur matur + fjölgun starfsstaða + veikindi + aukastöðugildi og annar óbeinn kostnaður)

Verið er að leita leiða til lækkunar á hráefniskostnaði með samræmdum innkaupum og betri samningum við birgja. Erfiðara reynist að leita hagræðis er varðar veikindi matræða og vegna mygluverkefna en þó má fá betri rekstrarforsendur og stöðugri rekstur með útivistunarsamningum.

Sú ákvörðun er á hendi stjórnenda starfsstaða en þróunin er þó í þá átt að fleiri sjá hagræði í því að útvista matarumsjón til þriðja aðila.

Akstur fatlaðra / mygluakstur.

Aksturskostnaður vegna fatlaðra nemenda er mikill og reynist SFS dýr. Aukning í akstursþjónustu auk fjölgunar tilfella þar sem þörf er á fylgd hefur leitt til mikillar kostnaðarhækkunar. Það sem hefur hækkað kostnað er tvennt. Verð hafa hækkað sökum mikillar samkeppni um

Dæmi er um að greiða þurfi allt að fjórar klukkustundir í yfirvinnu vegna fylgdar nemenda í Klettaskóla. Þessi úrræði eru mjög dýr og hafin er vinna við að leita nýrra lausna í samstarfi við stjórnendur.

Óreglulegir liðir vegna myglu

Myglukostnaður í grunnskólum er hæstur í Hagaskóla, Vogaskóla, Fossvogsskóla og Álftamýrarskóla. Myglukostnaður í leikskólum er hæstur í Garðaborg, Grandaborg og Hálsaskógi

Grunnskólahluti er með 85 mkr sem er merktur sem óreglulegir liðir og hjá leikskóla 35 m.kr., samtals um 120 m.kr.

Kjarasamningar - Sameyki og Efling

Þann 1. apríl voru gerðir nýir kjarasamningar við Sameyki og Eflingu sem eftir er að bæta til SFS, áætluð fjárhæð er um 165 m.kr. og er það hluti af halla apríl.

Ræstingakostnaður

Kostnaður við nýtt útboð sem var gert sl. haust tekur nú breytingum skv. launaflokki í samningi Eflingar og hefur því hækkað meir en sú verðlagsbreyting sem var áætluð í forsendum fjárhagsáætlunar.

Edda - grunnskólalíkan

Í upphaflegri útgáfu af Eddu líkaninu var ekki gert ráð fyrir að kennsluafslættir væru að valda kostnaði hjá grunnskólum. Við nánari skoðun þá hefur komið í ljós að þessi liður umtalsverður. Bekkjarstærðir í fámennum grunnskólum geta veri óhentugar, örlítil breyting á nemendafjölda getur haft nokkur áhrif á úthlutun. Þá er rekstur mótuneytis í fámennari skólum áskorun þar sem fastur kostnaður (matráður ofl.) dreifist á færri.

Afkoma Edduskólanna jan-apríl var 485m.kr. í halla á tímabilinu jan-apríl 2023. Til samanburðar má geta þess að halli á sama tímabili 2022 var 557mkr. Halli í árslok 2022 var 366mkr. eða ca. 1% af veltu ársins hjá Edduskólunum. Lögð hefur verið áhersla á það á fundum með skólastjórum að ná hallalausum rekstri á þessu seinna tilraunaári nýs fjárhagslíkans í grunnskólum (Eddan)

Nýtt leikskólalíkan

Í vinnslu er nýtt leikskólalíkan sem varpa á betur ljósi á rekstrarkostnað leikskóla, flest allir leikskólar hafa verið í halla miðað við þær fjárheimildir sem hafa verið úthlutað til þeirra.

Eftirlit, aðhald og skipulag skólaársins 2023/2024.

Fjármálaskrifstofa SFS fundaði með öllum grunnskólastjórum á vormánuðum. Farið var yfir rekstraruppgjör og frávik frá nýju úthlutunarlíkani. Áhersla var lögð á að skólastjórar skipulegðu skólastarf 2023/24 í samræmi við nemendaspár og heimiluð stöðugildi skv. Eddulíkaninu. Þá var ítrekað að ráðningar umfram starfsmannaveltu og úthlutunarlíkan þyrfti samþykki yfirstjórnar sviðsins. Hér að framan hafa helstu áskoranir skólastjórnenda verið reifaðar. Skólastjórar eru meðvitaðir um þær áskoranir sem þeir þurfa að mæta og viljugir til að bæta úr þar sem þess er þörf.

Framundan eru fundir með leikskólastjórum. Halli í leikskólum hefur verið mikill sl. 3 ár. Væntingar standa til að fjárheimildir verði auknar með nýju líkani – líkt og gert var með innleiðingu Eddulíkansins í grunnskólum - og þar með verði auðveldara að veita leikskólastjórum aðhald, eftirlit og stuðning.